




Útgefandi: Breiðafjarðarnefnd
Texti: Náttúrustofa Vesturlands
Ljósmyndir: Guðmundur Páll Ólafsson
Kortagerð: Sigurgeir Skúlason
“Kortið er gert samkvæmt gögnum frá Landmælingum Íslands”

Uppsetning og hönnun: Náttúrustofa Vesturlands
Umbrot og prentun: Hjá GuðjónÓ hf.
Maí 2004

Staðhættir og landslag

Breiðafjörður er víðáttumikill og grunnur flói á vestur-strönd Íslands á milli Snæfellsness og Vestfjarða, u.þ.b. 125 km langur og 50 km breiður. Fjörðurinn er um-kringdur fjöllum á þrjá vegu en margir firðir ganga inn úr honum, þeirra stærstur Hvammsfjörður í austurátt. Við vogskorna ströndina er undirlendi fremur lítið en þar eru sveitabýli og nokkrir byggðakjarnar. Við sunnan-verðan fjörðinn standa nokkrir bæir, frá austri til vest-urs: Búðardalur, Stykkishólmur, Grundarfjörður, Ólafsvík, Rif og Hellissandur. Helsta einkenni Breiða-fjarðar eru eyjarnar en þær eru eitt af þremur fyrir-bærum á Íslandi sem sögð eru óteljandi. Þó hefur verið

Myndir

Horft yfir eyjar í mynni Hvammsfjarðar, Rifgirðingar næst. Eyjar Breiðafjarðar eru eitt af þremur óteljandi fyrirbærum á Íslandi. Eyjarnar mynda þrengingu við mynni Hvammsfjarðar, sem veldur því að straumhraði vegna sjávarfalla verður gríðarlega mikill og er svæðið því varasamt lítt kunnugum sjófarendum.

Stuðlaberg í Vaðsteinabjargi í Hergilsey á norðanverðum Breiðafirði. Eyjan er í útjaðri megineldstöðvar, sem kennd er við Flatey.




áætlað að eyjar, hólmar og sker, sem ekki fara í kaf á stórstraumsflóði og á er að finna þurrlendisgróður, séu hálfþ þriðja þúsund. Sjávarföll eru hvergi á Íslandi meiri en í Breiðafirði, þar sem munur á flóði og fjöru er allt að 6 metrar á meðal stórstraumi. Þessi sjávarföll og grunn-ur sjór gera það að verkum að landslag breytist mjög mikið eftir stöðu sjávar, enda eru fjórir Breiðafjarðar taldar vera um fjórðungur allra fjara landsins.

Náttúrufar svæðisins er sérlega fjölbreytt og auðugt m.t.t. lífríkis, jarðmyndana og landslags en svæðið er einnig þekkt fyrir sérstæðan hlunnindabúskap eyjamanna og menningarminjar tengdar honum.

Lundinn er algengasti fuglinn við Breiðafjörð að sumarlagi. Hann verpur víða og allt að tugþúsundir fugla saman en finnst þó sjaldan nálægt mannbústöðum.

Forsíða: Toppskarfar og ritur í stuðlabergi. Skarfar eru meðal einkennisfugla Breiðafjarðar, enda verpa toppskarfar næstum eingöngu við Breiðafjörð og u.þ.b. 90% dílaskarfsstofnsins. Ritur eru meðal algengustu fuglategunda landsins.

Baksíða: Breiðfirskt sólarlag er rómað fyrir fegurð sína. Hér má sjá sólarlag við mynni Hvammsfjarðar, þar sem hæstu eyjar fjarðarins, Klakkeyjar, ber við himin. Þar ber hæst Litlklakk (54 m) og Stóráklakk (72 m) en þeir eru einnig nefndir Dímonarklakkar.



Jarðfræði og landmótun

Berggrunnur Breiðafjarðar er um 6-12 milljón ára gamall og tilheyrir elsta hluta berggrunns landsins, hinum svokallaða tertiera berggrunni. Hann hlóðst upp þegar rekbelti landsins lá um Snæfellsnes og Húnaflóa. Þegar eldvirknin þar leið undir lok fyrir um 6 milljónum ára, hófst eldvirkni nokkru austar og nýtt rekbelti myndaðist, forveri Reykjanes-Langjökulsbeltisins. Berg-grunnur Breiðafjarðar er yngstur í Hvammsfirði og eldist eftir því sem norðar og fjær dregur hinu forna rekbelti. Hann er að mestu leyti byggður upp af misþykkuum

basalthraunlögum, sem hallar til suðausturs í átt að hinu forna rekbelti. Eitt helsta einkenni slíkra rekbelta eru megineldstöðvar og sprungureinar tengdar þeim. Meginstefna þeirra er norðaustur-suðvestur eða sama stefna og flestar Breiðafjarðareyjar hafa. Í og við Breiðafjörð eru kulnaðar megineldstöðvar í Reiphóls-fjöllum, Króksfirði, Flatey, Hrappsey, við Hvamm eða Sælingsdal og Setberg. Oftast er mikið af súru og ísúru bergi í megineldstöðvunum en þar finnst einnig töluvert af ummynduðu bergi. Hrappsey er eini fundarstaður bergtegundarinnar anortosíts á Íslandi en hún er stund-um nefnd tunglberg eftir annarri aðalbergtegund tunglsins.

Núverandi landslag Breiðafjarðar mótaðist að mestu af rofi jökla á síðustu ísöld. Þá er talið að stór skriðjökull hafi hulið meginhluta fjarðarins og gengið töluvert út á landsgrunnsbrúnina.

Jarðhita má finna nokkuð víða í sjó og flæðarmáli við Breiðafjörð og er umgjörð hvera og volgra í fjörunni stundum sérkennileg. Drápskerjahverir í Hergils-eyjarlöndum eru vatnsmestu hveririnnir, þar sem upp koma nær 10 sekúndulítrar vatns úr stærsta hvernun og 96 gráðu heitt vatn úr öðrum. Í hinni fornu verstöð, Oddbjarnarskeri, er að finna sögufræga lind með 73 gráðu heitu vatni en hún kemur aðeins upp þegar lágsjávað er.



Lífríki

Breiðafjörður og eyjarnar eru kunnar fyrir óvenjumikið og fjölskrúðugt lífríki, enda er hvergi á Íslandi að finna meiri fjölbreytileika búsvæða í fjöru og sjó. Þar eru miklir þörungaskógar og ríkulegt smádyralíf en lífauðgi fjarðarins er ekki síst að þakka víðáttumiklu grunnsævi og miklum fjörum, þar sem m.a. má finna um 65% af klettafjörum og 40% af leirum landsins. Þá er Breiðafjörður mikilvægt hrygningar- og uppeldissvæði fyrir margar tegundir sem mikilvægar eru fyrir íslenskt efna-
gslíf, s.s. þorsk, rækju, hörpuskel og hrognkelsi. Vistkerfi Breiðafjarðarsvæðisins er mikilvægt bæði á lands- og heimsvísu, t.d. fyrir fugla.

Gróður

Gróðurfarf harfur aðeins verið kannað skipulega á 1-2% eyja í Breiðafirði en fundist hafa um 230 tegundir háþrúplantna, sem samsvarar um helmingi af náttúrulegri flóru landsins. Gróðurfarið er víða fjölbreytt en ýmsir eðlisþættir, s.s. stærð eyja, fjarlægð þeirra frá meginlandi, landslag, vatnsbúskapur og jarðvegur hafa töluverð áhrif á það. Mikil gróska er í sumum eyjanna á meðan aðrar eru fremur hrjóstrugar. Grasmóar og sjávarfittjar eru meðal algengustu gróðurlenda en tónmá finna á sumum eyjanna. Strandgróður svæðisins er oft gróskumikill. Tvær plöntutegundir sem finnast í

Breifðarfjarðareyjum eru taldar í útrýmingarhættu í íslenskri náttúru, samkvæmt vólsta Náttúrufræðistofnunar Íslands, en það eru flæðarbúi og fléttan músanafli. Aðrar tegundir svæðisins á vólsta eru villilaukur, hrísastör, sandlæðingur, stefánssól, þyrnirós og eggtvíblaðka.

Myndir

Lífriki Breiðafjarðar er óvenjumikið og fjölskrúðugt, ekki síst í fjörunni. Um 65% af klettafjörum landsins eru við fjörðinn.

Fjórúarfi er sums staðar áberandi við fjörur. Um helmingur íslenskra háplöntutegunda hefur fundist í Breiðafjarðareyjum.

Ungur haförn. Höfuðríki arnarstofnsins er við Breiðafjörð, en þar er að finna um 70% íslenskra arna.

Landselir kæpa við Breiðafjörð en áætlað er að um fimmtungur íslenska stofnsins haldi þar til.

Fuglar

Bréiðafjarður er meðal þýðingarmestu svæða landsins fyrir fuglalíf. Um helmingur íslenskra fuglategunda, eða 37, verpir reglulega á svæðinu en nokkrar tegundir til viðbótar óreglulega. Sjöfuglar eru einkennisfuglar svæðisins og er fjöldi einstaklinga mestur hjá lunda en æðarfuglar eru næstflestir. Fýll, dílaskarfur, toppskarfur, rita, hvítmáfur, svartbakur, kría og teista eru einnig mjög áberandi tegundir en grágæs, stokkönd, tjaldur, sandlóa, stelkur, hrossagaukur, þúfutittlingur, maríuerla og snjótitlingur eru einnig nokkuð algengir fuglar á svæðinu. Meðal sjaldgæfra tegunda á landsvísu eru þórshani og haförn.

Toppskarfur verpir nánast eingöngu á Breiðafirði og um 90% dílaskarfa verpa við fjörðinn. Svæðið er sömuleiðis það mikilvægasta fyrir íslenska hafarnarstofninn en um 70% arnarpara hafast þar við. Ísland er við suðurmörk útbreiðslu þórshana en fáein þór tegundarinnar verpa hérlandi og er eitt mikilvægasta varpsvæðið við Breiðafjörð.

Breiðafjörður er ekki aðeins mikilvægur fyrir varpfugla því vor og haust eiga margæsir, rauðbrystingar og tildirur leið um svæðið og safna orku fyrir krefjandi fer milli vetrarstöðva í Evrópu og varpstöðva á norðanverðu Grænlandi og í Kanada. Að auki má nefna að stórir hópar grágæsa og álfta fella fjaðrir á svæðinu síðsumars.

Spendýr

Selir eru algengir í Breiðafirði og mikilvægur þáttur í lífríkinu. Báðar íslensku tegundirnar kæpa á svæðinu en áætlað er að 15-20% landselsstofnsins og um helmingur útselsstofnsins haldi sig við Breiðafjörð.

Hvalir eru tíðir á Breiðafirði en smáhveli eins og hnísa og hnýðingur eru líklega algengustu tegundirnar. Þó má einnig oft sjá háhyrninga og hrefnur, sérstaklega á utanverðum firðinum. Á Breiðafirði hafa sést 9 af þeim 20 hvalategundum sem sést hafa við Ísland.

Við Breiðafjörð finnast hagamýs, minkur og refur. En húsamýs eru afar sjaldgæfar. Hagamýs finnast víðast hvar á meginlandinu og í mörgum eyjum, þangað sem þær hafa líkast til borist með mannum eða á ís. Minkar komu fyrst út í Breiðafjarðareyjrar árið 1948, í Brokey. Um 1965 voru þeir orðnir nokkuð algengir alltaf umhverfis fjörðinn. Þeir syntu einnig út í eyjarnar og hafa fundist í flestum eyjum, m.a. Oddbjarnarskeri (nyrðra), sem er eins langt frá landi og komist verður í Breiðafjarðareyjum. Nú veiðast fáein hundruð minka í eyjunum árlega en þeir eru veiddir til að vernda fuglalíf. Refir hafa ekki verið með greni í eyjum en sjást þó stundum í eyjum næst landi. Þeir sækja sér gjarnan fæðu í fjöruna og eru því nokkuð algengir umhverfis fjörðinn.



Landnýting og búseta

Breiðafjörður hefur löngum verið Íslendingum mikilvæg matarkista og þangað leitaði fólk oft þegar þrengdi að í öðrum sveitum. Fyrr á öldum voru Breiðfirðingar almennt efnaðri en aðrir Íslendingar en helstu auðævi þeirra voru afurðir náttúrunnar á svæðinu. Að auki hafði eyjabyggðin þann kost í för með sér að vegna þess að tiltölulega fljótlegt var að ferðast um á báti, voru samgöngur þar betri en annars staðar áður en bíllinn kom til. Vegna mikilla sjávarfallastrauma voru aðstæður til sjóferða oft frábrugðnar því sem annars staðar gerist. Til merkis um það þróaðist breiðfirskt bátalag, sem einkennist m.a. af bognu stefni, léttleika og ávöllum formum, auk þess sem skeyting kjalar, stefnis og banda er með sama hætti og tíðkaðist á víkingatímum. Almenn bókaeign var jafnan í meira lagi við Breiðafjörð og seint á 18. öld var fyrsta prentsmíðja landsins stofnsett í Hrapsey. Flatey var miðstöð verslunar- og menningarlífs við Breiðafjörð um miðja 19. öld.

Hlunnindabúskapur eyjabænda er fyrir löngu landskunnur. Þar nýttu menn einkum fisk, sel og fugl. Fiskur, einkum flatfiskar, hrognekelsi, þorskur, ýsa og skata, var aðalfæða Breiðfirðinga en helstu verstöðvar svæðins voru í Oddbjarnarskeri, Bjarneyjum og Höskuldsey. Dvöldu allt að 200 manns þar og haust í

Odbjarnarskeri en í byrjun 18. aldar voru líklega um 300 manns á vertið í stærstu verstöðinni, Bjarneyjum. Selveiðar hafa löngum verið eyjabændum mikilvæg hlunnindi, þótt mjög hafi dregið úr nýtingu sels hin síðari ár. Fyrrum var kjötsins neytt, spikið ýmist borðað eða brætt og notað sem ljósgjafi en skinnin voru nýtt í klæði og skó. Mjög hefur dregið úr þessari nýtingu. Nytjar af fuglum hafa verið prennas konar: Fuglatekja, eggjatekja og dúntekja. Svartfugl, lundi, rita, teista, svartbakur og skarfur voru helst teknir en egg fleiri tegunda voru nýtt. Breiðafjörður hefur lengi verið vaggja æðarræktar á Íslandi og má ætla að dúntekja

Myndir

Báturinn Svanur í Skáleyjum hefur svokallað breiðfirskt bátalag. Hann var smíðaður árið 1907 í Hvallárlund en gerður upp í kringum 1980. Hann er heillegasta intak af breiðfírskum áttæringi sem enn er í notkun. *Ljósmynd: Náttúrustofa Vesturlands.*

Í Flatey er að finna einn best varðveitta byggðakjarna landsins og merka sjóvarnargarða.

Æðarkolla á hreiðri. Rík hefð er fyrir nýttun æðardúns við Breiðafjörð og þaðan kemur um þriðjungur landsframléiðslunnar.

Frændsystkinin lundi og teista eru meðal einkennisfugla Breiðafjarðar.

við Breiðafjörð nemi allt að þriðjungi af heildardúntekju landsins.

Meðal annarra afurða Breiðafjarðar sem nýttar hafa verið eru skelfiskur, einkum kræklingur og hörpu- skel, sól og aðrir þörungur sem víða voru tínd til matar og álftafjárðir sem tindar voru síðsumars allt fram til fyrri heimstyrjaldar og m.a. notaðar í fjaðrapenna.

Auk hlunnindabúskaparins stunduðu Breiðfirðingar hefðbundinn landbúnað með sauðfé og kýr. Með hröðum þjóðfélagsbreytingum eftir seinni heimstyrjöldina varð búseta í eyjunum ekki lengur eins eftirsótt og áður og nú er heilsársbúseta aðeins í tveimur eyjum, Flatey og Skáleyjum, þótt margar eyjar séu áfram nýttjaðar.

Landbúnaður og sjávarútvegur eru enn höfuð-
atvinnugreinar við Breiðafjörð. Ferðapjónusta er þó
vaxandi grein en til að ferðast um eyjar Breiðafjarðar er
naðsynlegt að fara um á báti. Meðal annars þess
vegna dregur Flatey til sín flesta ferðamenn, því ferjan
Baldur kemur þar við á áætlunarsiglingum sínum yfir
Breiðafjörð. Í Flatey er að finna einn best varðveitta
byggðakjarna landsins og merka sögu allt frá landnámi
Práandar mjóbeins. Klaustur var í eyinni frá árinu 1172
og Flateyjarbók, merk heimild um Noregskonunga, var
varðveitt þar um skeið. Uppbygging ferðapjónustu við
Breiðafjörð hefur verið nokkur, sem þakka má fjöl-
breytilegu framboði af útivist á svæðinu. Má t.d.

komast í hvalaskoðun frá Ólafsvík og náttúruskoðun um
eyjar við mynni Hvammsfjarðar frá Stykkishólmi, auk
úrvals göngu-, kajak- og hestaferða. Margir gisti- og
veitingastaðir eru umhverfis fjörðinn.

Verndun

Lög um vernd Breiðafjarðar voru sett árið 1995 og sama ár var skipað í Breiðafjarðarnefnd. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkugæðs landslags, jarðmynda, lifríkis og menningarminja. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins, sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Umhverfisráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar en Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar. Nefndin hefur látið gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig skuli náð þeim markmiðum sem sett voru með vernd svæðisins.

Breiðafjörður er á norrænum lista yfir strand-
svæði á Norðurlöndum sem mikilvægt er að vernda og á
evrópskum lista yfir 32 sjávarsvæði þar sem hentugt og
sköklegt er að stunda rannsóknir á líffræðilegum fjöl-
breytileika.